

-----Original Message-----

From: info@plastlausseptember.is [<mailto:info@plastlausseptember.is>]

Sent: miðvikudagur, 13. mars 2019 21:56

To: Lúðvík Hjalti Jónsson <ludvik@gardabaer.is>

Subject: Plastlaus september 2019

Sæll Lúðvík,

Tilfni þessa pósts er að sækja um fjárstyrk vegna árveknisáðtaksins Plastlaus septembers.

Nú erum við aðstandendur Plastlauss septembers að undirbúa haustið af krafti og langar að geta haldið jafn viðburðarríkan september og síðast.

Stefnum við á að keyrt verði á svipuðum nótum og í fyrra, þ.e. helst á samfélagsmiðlum og í gegnum heimasíðu okkar. Þar munum við leggja áherslu á það að kynna fólki fyrir lausnum og ráðum til þess að lifa plastlausari lífstíl á jákvæðum nótum á sama tíma og við vekjum athygli á mikilvægi málefnisins. Við höfum tekið eftir mikilli vitundarvakningu í samfélaginu varðandi plastmengun og skaðsemi þess. Einnig er umhverfismál áberandi í þjóðarumræðunni um þessar mundir.

Fyrir átakið í ár ætlum við að endurtaka opnunarhátíðina, alheimshreinusnardaginn og pokastöðvarviðburðarinn sem var haldin í fyrra (Hægt er að lesa nánar um þessa viðburði í viðhenginu).

Einnig langar okkur að geta boðið skólum að fá til sín fræðsluerindi um plast og lausnir án þess að taka greiðslu fyrir það, líkt og var gert í fyrra.

Því langaði mig að athuga hvort þið hefðu áhuga að koma að átakinu einhvern hátt í ár og hvort möguleiki væri fyrir fjárstyrk.

Ég læt ársskýrslu fyrir átak síðasta árs fylgja með í viðhengi.

Með von um jákvæðar undirtektir,
Heiður Magný Herbertsdóttir
Formaður stjórnar fyrir Plastlaus september